

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Keldur



Reykjavík 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
KELDUR	3
FJARKANNANIR	4
KÖNNUNARSKURÐUR	5
NIÐURSTÖÐUR	7
HEIMILDASKRÁ	8
VIÐAUKAR	9
1. LJÓSMYNDASKRÁ	9
2. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	10

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016
Kortlagning klaustra á Íslandi: Keldur
Vettvangsskýrsla XVII

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Yfirlit yfir könnunarskurðinn á Keldum 2016. Kirkja í baksýn (ljósm. Helga Jónsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin fjórtán sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000–1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Farnar voru tvær vettvangferðir á Keldur á Rangárvöllum, þar sem eitt af klaustrunum fjórtán var rekið. Í fyrri ferðinni, hinn 28. júní 2016 voru gerðar fjarkannanir með radarjarðsjá á staðnum. Í þeirri ferð voru starfsmenn tveir talsins, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra, en það voru Helga Jónsdóttir og Vala Gunnarsdóttir. Hinn 4. ágúst var könnunarskurður svo tekinn á staðnum og voru starfsmenn þá þrír talsins auk Steinunnar, en það voru Baldur Gauti Gunnarsson, Helga Jónsdóttir og Vala Gunnarsdóttir. Starfsmenn sáu síðan um ljósmyndun og skráningu gagna. Helga og Vala eru fornleifafræðingar og er Baldur meistaranemi í miðaldafræði. Höfundar vilja þakka Skúla Lýðssyni og Drífu Hjartardóttur fyrir veitta aðstoð og upplýsingagjöf á staðnum.

Keldur

Í Biskupasögu Þorláks helga er þess getið að stórhöfðinginn, Jón Loftsson, hafi látið stofna klaustur á jörð sinni, Keldum, árið 1193 (Þorláks saga B 2002, bls. 180). Svo virðist sem að af stofnuninni hafi orðið og hús þess reist ásamt kirkju, ekki síst vegna þess að innsigli Sveins priors fannst í jörðu á staðnum (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 155). Bendir það að minnsta kosti til að alvara hafi verið að baki stofnuninni. Þá er þess getið í sögu Þorláks helga að sonarsynir Jóns hafi rifið klaustrið um 1222 og skipt með sér viðnum úr því sem föðurarfi. Í sömu heimild er sagt frá því hvar klaustrið stóð og það mun vera á þeim stað sem Keldnakirkja stendur nú. Bær Jóns stóð hins vegar í túni sunnan við læk þann sem rennur neðan við kirkjuna (Þorláks saga B 2002, bls. 181). Þá er til varðveitt í Þjóðminjasafni Dana í Kaupmannahöfn skríni frá Keldum sem kann að vera frá tímum klaustursins þar. Það er aldursgreint til tímabilsins frá 1100–1300 (Jónas Guðlaugsson 1967, bls. 727).

Ekki var ætlunin að gera tilraun til að leita að rústum klaustursins á bæjarhúsatorfunni eða við kirkjuna, heldur var tilgangur rannsóknarinnar að kanna hvort bær Jóns hafi staðið á öðrum stað, þ.e. í túninu sunnan við lækinn. Eitt af markmiðum rannsóknaverkefnisins

Kortlagning klaustra á Íslandi er nefnilega að kanna hvort klaustrin hafi verið reist í sérstökum byggingum sem voru aðskildar frá bæjarhúsum klausturstaðanna. Keldnaklaustur kann því að vera dæmi um slíkt.

Fjarkannanir

Í júní fóru fram fjarkannanir á staðnum. Mæld voru tvö svæði með radarmæli af gerðinni SIR System-3000 frá GSSI (Geophysical Survey Systems, Inc.) og voru gögnin túlkuð í forritinu GPR-SLICE að því loknu. Sett var upp hnitakerfi 20 m x 20 m á stærð á þeim svæðum sem mæld voru og var gengið eftir þeim í línunum með 50 cm millibili með radarinn (mynd 1).



Mynd 1: Unnið að mælingum með radar á Keldum sumarið 2016 (ljósm. Steinunn Kristjánsdóttir).


Tvö svæði í túninu sunnan við ána voru mæld. Annað (svæði 1) var skiki sem munnmæli segja að bær Jóns hefði staðið. Hitt svæðið (svæði 2) var mælt vegna þess að greina mátti misfellur í yfirborðinu þar. Radarinn nam ýmsar hreyfingar undir yfirborði á svæði 1 en á svæði 2 virtist aðeins um náttúrulegt viðnám að ræða. Þegar niðurstöður mælinga frá svæði 1 voru síðan settar inn í forritið GRP-SLICE virtist sem að nokkuð hornréttá rúst væri að finna nokkuð djúpt undir yfirborðinu (sjá mynd 2). Var því ákveðið að kanna þetta frekar með könnunarskurði.



Mynd 2: Niðurstöður mælinga af svæði 1 á Keldum. Gulu og rauðu litirnir minna á rúst (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Könnunarskurður

Einn könnunarskurður var tekinn á Keldum í ágúst 2016 og var staðsetning hans ákvörðuð útfrá niðurstöðum radarmælinganna á svæði 1.



Mynd 3: Norðursnið könnunarskurðarins (ljósm. Helga Jónsdóttir).

Var ákveðið að byrja á 1 x 1 metra stórum skurði og stækka hann ef þess þurfti. Jarðvegurinn í könnunarskurðinum var mjög lagskiptur en í honum sáust allmörg gjóskulög. Á um 60 cm dýpi var svo komið niður á gróft sendið lag og rétt undir því var þykkt dökkt gjóskulag sem líklega er úr Kötlu 1500. Könnunarskurðurinn varð 140 cm djúpur en engin mannvist fannst í

honum. Kom þetta nokkuð á óvart og ekki er ljóst hvað olli þessum mikla viðnámi sem fram kom í radarmælinum.



Mynd 4: Svæðið þar sem rústir sást á 19. öld.

Þegar töku könnunarskurðarins var lokið kom Skúli Lýðsson bóndi á Keldum að athuga með stöðu mála. Eftir spjall og vangaveltur um niðurstöðurnar náði hann í bókina *Keldur á Rangárvöllum : jörðin, ábúendur, kirkjan, hús og mannvirki* en Vigfús Guðmundsson sem fæddist á Keldum 1868 skrifaði bókina. Í henni segir að sést hafi í bæjartóttir og traðir sunnan við lækinn fram yfir miðja 19. öld. Þar segir enn fremur í neðanmálsgrein „Væri fróðlegt að grafa þar upp gömlu rústirnar, í von um að finna grundvöll bæjar Jóns Loftssonar, mesta bændahöfðingja Íslands, hálfra 8. aldar gamlan. Bæjarbalinn er 40 faðma suður frá lækjarplankanum“ (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 153). Skúli sýndi okkur því næst lækjarplankann og mældum við þá um 66 metra í suður frá honum (mynd 4). Var þá fyrst ljóst að rústasvæðið sem getið er í bókinni er um 30-40 metra austan við þann stað sem mældur var með jarðsjánni og könnunarskurðurinn var tekinn. Við yfirborðskönnun á þessu svæði sést að svæðið er þýft og nokkuð „rústalegt“. Gera má fastlega ráð fyrir að minjar frá tímum Jóns Loftssonar á Keldum liggja djúpt í jörðu. Til þessa bendir könnunarskurðurinn en jarðvegsþykknun er greinilega mikil á staðnum.

Niðurstöður

Tvö svæði á Keldum voru mæld sumarið 2016 með radarjarðsjá. Á öðru þeirra komu fram vísbendingar um rúst í jörðu og var í framhaldi af því ákveðið að taka könnunarskurð þar. Könnunarskurðurinn sýndi þó engin merki um mannvist og er því óljóst hvað olli því að viðnám kom fram í jörðu við radarmælingarnar. Eftir frekari eftirgrennslan kom í ljós að í heimildum er getið staðsetningar gamla rústarsvæðisins og virðist það vera um 30-40 metrum austan við staðsetningu könnunarskurðarins. Áhugavert væri að mæla þetta svæði með jarðsjá og grafa fleiri könnunarskurði í túninu sunnan við bæjarlækinn á Keldum. Rannsóknin sumarið 2016 útilokar í það minnsta ekki að bær Jóns hafi verið þar og að klaustrið hafi þá staðið norðan við læk.

Heimildaskrá

Jónas Guðlaugsson (1967, 27. ágúst). Klaustur í Bæ, Hítardal, Saurbæ og á Keldum. Klausturættir VI. *Tíminn – Sunnudagsblað*, 6. árg. 31. tbl.

Vigfús Guðmundsson (1949). *Keldur á Rangárvöllum: jörðin, ábúendur, kirkjan, hús og mannvirki*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.


Þorláks saga B (2002). Íslensk fornrit. XVI. bindi *Biskupa sögur II*. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Viðaukar

1. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá					
Rannsóknastaður	Keldur				
Leyfisnúmer	201604-0050				
Safnnúmer	2016-13				
Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari
2016040050	Keldur_20160804_HJ_01	4.8.2016	TP1 tekinn-Baldur mokar	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_02	4.8.2016	TP1 Vala mokar	V	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_03	4.8.2016	TP1 Vala mokar	V	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_04	4.8.2016	TP1 Vala mokar	V	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_05	4.8.2016	TP1 Vala mokar	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_06	4.8.2016	TP1 Vala mokar	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_07	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_08	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_09	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_10	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_11	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_12	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_13	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_14	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_15	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_16	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_17	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_18	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_19	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_20	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_21	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_22	4.8.2016	TP1 jarðlög í N-sniði	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_23	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_24	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_25	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_26	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_27	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_28	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_29	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_30	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_31	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_32	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_33	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_34	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_35	4.8.2016	TP1 séð yfir N-snið	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_36	4.8.2016	Lambhús "sunnan við læk"	N	HJ
2016040050	Keldur_20160804_HJ_37	4.8.2016	Lambhús "sunnan við læk"	N	HJ

2. Kort af miðaldaklaustrunum



Skýrslur rannsóknarinnar

Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Bær og Hítardalur*. Vettvangsskýrsla I.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Bær í Borgarfirði*. Vettvangsskýrsla II.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Hítardalur á Mýrum*. Vettvangsskýrsla III.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Helgafell*. Vettvangsskýrsla IV.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Reynistaður*. Vettvangsskýrsla V.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Viðey*. Vettvangsskýrsla VI.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar–Trumbsvalir*. Vettvangsskýrsla VII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla VIII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Hítardalur*. Vettvangsskýrsla IX.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Munkaþverá*. Vettvangsskýrsla X.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Möðruvellir*. Vettvangsskýrsla XI.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þykkvabæjarklaustur*. Vettvangsskýrsla XII.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klausturörnefni*. Skýrsla XIII.

Walser, Joe W. III (2015). *Report on human remains from Munkaþverá*. Skýrsla XIV.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla XV.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Munkaþverá*. Vettvangsskýrsla XVI.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Keldur*. Vettvangsskýrsla XVII.

Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Gripir*. Vettvangsskýrsla XVIII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Helgafell*. Vettvangsskýrsla XIX.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Möðruvellir*. Vettvangsskýrsla XX.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreininga I*. Vettvangsskýrsla XXI.

Hermann J. Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2016). *Jarðgöng frá fornri tíð á Íslandi. Skýrsla um jarðgöng á klausturstöðum, biskupsstólum og höfuðbólum á miðöldum*. Vettvangsskýrsla XXII.

Greinargerðir og aðrar skýrslur

Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir (2014). *Einsetulifnaður á Íslandi. Rannsókn á nafngreindum einstaklingum eða hópum sem sest hafa í trúarlega einsetu á Íslandi*.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2014). *Klausturrannsóknir sumarið 2014. Gjóskulagarannsókn*.

Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klaustur á Íslandi. Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2014). *Viðey Pollen Analysis: Sample KL-2014-28-031*.

Riddel, S. (2014). *Flotation sampling procedure. Autumn 2014*.

Grayburn, Jennifer (2015). *Architectural images in Icelandic Manuscripts*.

Grayburn, Jennifer (2015). *Monasteries in the Archdiocese of Niðaros*.

Guðrún Helga Jónsdóttir (2015). *Tengsl fólks í miðaldaklaustrunum á Íslandi*.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2015). *Klausturrannsóknir sumarið 2015. Gjóskulagarannsókn*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Bær í Borgarfirði. Rapid scanning for cereals in sample KLI-2014-21-11*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Helgafell Pollen Analysis: Sample KL-2014-16-02*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Reynistaður Pollen Analysis: Sample KL-2014-21-14*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Þingeyrar Soil Sampling. Field Survey Report 14th & 15th October 2014*.

Graham, M. (2014). *Monasteries in Iceland. Report on Geophysical Survey. Season 1*. Wigton: Grampus Heritage and Training Ltd.